



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis

Reykjavík 2. mars 2020

Efni: Tillaga til þingsályktunar um Alþingi sem fjölskylduvænan vinnustað, 334. mál.

Visað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 10. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreinda tillögu til þingsályktunar. Gerir tillagan ráð fyrir því að Alþingi álykti að fela forseta Alþingis að skipa starfshóp um Alþingi sem fjölskylduvænan vinnustað.

Í 3. gr. Barnasáttmálans, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, er að finna eina af meginreglum sáttmálans, en þar kemur fram að það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera gera ráðstafanir sem varða börn. Þá kemur fram í sömu grein að með hliðsjón af réttindum og skyldum foreldra eða lögráðamanna, eða annarra sem bera ábyrgð að lögum á börnum, skuldbinda aðildarríki sig til að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst, og skulu aðildarríki í því skyni gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu.

Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna fer með eftirlit með framkvæmd Barnasáttmálans hjá aðildarríkjum hans, en veitir auk þess leiðbeiningar um túlkun og beitingu hans, m.a. með útgáfu svo kallaðra almennra athugasemda. Í almennri athugasemd nefndarinnar nr. 16, frá 2013, um skyldur aðildarríkja á sviði vinnumarkaðarins, kemur fram að innleiða þurfi stefnu um barnvæna vinnustaði og skal sú stefna m.a. taka mið af áhrifum vinnutíma fullorðinna á þroska og velferð barna á öllum aldri.

Með hliðsjón af framangreindu er það mat umboðsmanns barna að það sé nauðsynlegt að tryggja að Alþingi verði fjölskylduvænn vinnustaður með starfsumhverfi og vinnutíma sem tryggir að þingmenn geti, eins og aðrir á vinnumarkaði, geti sinnt umönnun og uppeldi barna sinna samhliða þingstörfum.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in blue ink that reads "Salvör Nordal". The signature is written in a cursive, flowing style.

Salvör Nordal,
Umboðsmaður barna